
Stjórnarfundur STEFs 29. maí 2019 Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 29. maí 2019 og hófst hann kl 11:00.

Mættir voru: Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður), Hjálmar H. Ragnarsson, Jakob Frímann Magnússon, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson og Bragi Valdimar Skúlason. Sigurður Flosason boðaði forföll, en ekki tókst að fá varamann fyrir hann. Að auki sat framkvæmdastjórinn, Guðrún Björk Bjarnadóttir, fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 18. mars febrúar 2019 og útdráttur úr fundargerð var samþykkt.
2. Fundargerð aukastjórnarfundar frá 2. apríl 2019 og útdráttur úr fundargerð var samþykkt.
3. Yfirlit yfir starfseminna frá síðasta stjórnarfundum lagt fram

Sérstaklega var gerð grein fyrir vinnu tölvunarfræðinema við HR fyrir STEF varðandi uppfærslu gagnagrunnsins og næstu skref í því verkefni.

Eftirfarandi skjöl voru lögð fram:

- a. Myndlistarverk á Laufásvegi 40, upplýsingar um verk sem var valið
- b. Kynning á nýrri hönnun á heimasíðu STEFs

4. Drög að gegnsæis- og ársskýrslu lögð fram.

Engar athugasemdir komu fram og verður hún lögð óbreytt fyrir fulltrúaráðsfund.

5. Ársreikningur STEFs lagður fram til afgreiðslu.

Einar Hafliði endurskoðandi STEFs kom sem gestur á fundinn og kynnti helstu lykiltölur ársreikningsins. Ársreikningurinn var samþykktur og undirritaður af stjórn.

6. Sjálfsmat stjórnar skv. starfsreglum

Frestað til næsta fundar

7. Höfundaréttarmál

- a) Frumvarp Alþingis til breytingar á skattalögum – skattlagning höfundaréttartekna.
<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=149&mnr=762>

Umsögn STEFs um ofangreint frumvarp til efnahags- og allsherjarnefndar var lögð fram til upplýsingar.

- b) Frumvarp Alþingis um sameiginlega umsýslu höfundaréttar – (sambærilegt frumvarp og ráðuneytið kynnti í samráðsgátt. Fallist var á breytingatillögu STEFs.)
<https://www.althingi.is/altext/149/s/1260.html>

Umsögn STEFs um ofangreint frumvarp til allsherjar og menntamálanefndar var lögð fram til upplýsingar.

8. Verðskrá fyrir dansskóla og heilsuræktarstöðvar.

Hrafnkell Pálmarsson kom inn á fundinn og kynnti drög að nýrri verðskrá fyrir dansskóla og heilsuræktarstöðvar. Fór hann yfir aðdragandann að setningu slíkrar verðskrár og hvernig hún var unnin á skrifstofu STEFs ásamt utanaðkomandi rekstrarráðgjafa. Þá fór hann yfir nokkur dæmi um hvernig líklegt sé að hún muni reynast í framkvæmd svo og áætlun yfir innleiðingu hennar sem mun gerast í áföngum á fimm ára tímabili. Var verðskráin samþykkt.

9. „Rights Flow“ breytingar á NCB

Framkvæmdastjóri kynnti að NCB hyggst gera breytingar á 42 gagnkvæmum samningum NCB við mekanísk samtök á þann hátt að réttindi samninganna fari framvegis til norrænu samtakanna beint (þ.á.m. til STEFs) og að þau síðan útvisi framkvæmdinni síðan áfram til NCB. Var þessi breyting samþykkt af stjórn.

10. Erindi frá ÚTÓN vegna Loftbrúar

Farið var yfir bréf ÚTÓN þar sem óskað er eftir því að fjárframlag STEFs til Loftbrúarverkefnisins renni eftirleiðis í Útflutningssjóð þann sem ÚTÓN hýsir. Loftbrúarverkefninu er nú sjálfhætt þar sem Ícelandair dró til baka þátttöku sína í verkefninu. Á grundvelli þess að markmið Loftbrúarinnar var að auðvelda útflutning íslenskrar tónlistar er ofangreind beiðni ÚTÓN samþykkt.

11. Starfsmannamál. Þessum lið var frestað til næsta fundar vegna tímaskorts.

12. Persónuverndarreglur

Drög að persónuverndarreglum STEFs lögð fram til kynningar. Voru stjórnarmenn hvattir til að kynna sér þær á milli funda og koma með athugasemdir. Verða drögin lögð fram á næsta stjórnarfundum til samþykktar.

13. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar

Tillögur að starfsramma fulltrúaráðs fyrir stjórnar lagðar fram og samþykktar. Sjá meðfylgjandi.

Tillaga var einnig mótuð um laun stjórnar fyrir næsta starfsár og samþykkt.

14. Stjórnarfundir næsta starfsár. Drög að starfsáætlun lögð fram.

15. Önnur mál

- a. Beiðni um styrk vegna málsóknar – Glow – Retro Stefson.

Samþykkt var að veita vilyrði fyrir styrk að fjárhæð kr. 250.000 fari málið fyrir dóm.

Engin fleiri mál voru fram borin.

Fundi slitið kl. 13:00.

**Tillögur að ramma fulltrúaráðs til stjórnar STEFs
Lagt fyrir fulltrúaráðsfund STEFs 1. júní 2019**

Fulltrúaráði er ætlað að setja ramma um tiltekin störf stjórnar STEFs, skv. breytingum á samþykktum sem gerðar voru í október 2018. Breytingar þessar voru gerðar til að fullnægja skilyrðum tilskipunar ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttar. Tilgangur þessara tilagna er að mynda grunn og fá umræðu um ramma fulltrúaráðs til stjórnar.

Þessi atriði eru:

a. Frádráttur af höfundaréttartekjum meðlima, þ.m.t. frádráttur vegna Menningarsjóðs.

Fyrir ákvörðun um úthlutun á innheimtum höfundaréttartekjum skal stjórn draga frá tekjum öll rekstrargjöld og önnur útgjöld samtakanna. Miða skal við fjárhæðir í samþykktum ársreikningi samtakanna. Stjórn er heimilt að setja sérreglur um mismunandi skiptingu á gjöldum til frádráttar af innheimtum höfundaréttartekjum eftir eðli innheimtra tekna. Stjórn skal einnig draga frá innlendum tekjum og halda eftir fjárhæð er nemi allt að 10% af hreinum rekstrartekjum hvers árs og ráðstafa til Menningarsjóðs.

b. Ávöxtun fjármuna og hvernig fjármagnstekjum skuli ráðstafað.

Stjórn skal ávaxta fjármuni samtakanna með tryggum hætti eftir varfærinni fjárfestingarstefnu, aðallega með vörslu á innlánsreikningum banka og eða kaupum á ríkistryggðum skuldabréfum eða sambærilegum

eignum. Fjármagnstekjum skal að hálfu ráðstafa til Ferðastyrkjasjóðs og að hálfu til úthlutunar með höfundarréttartekjum.

c. Hvernig ráðstafað skuli fjármunum vegna verka sem ekki finnst höfundur að.

Stjórn skal árlega halda eftir 0,5% af hreinum tekjum hvers árs og leggja í varasjóð sem skal síðan vera til taks til að greiða rétt höfum sem ekki voru skráðir á verk við úthlutun, þegar og ef þeir gefa sig fram síðar, eða til tilfallandi leiðréttinga á úthlutunum. Ef varasjóðstillagi hefur ekki verið ráðstafað eftir 4 ár frá tillagi í varasjóð er stjórn heimilt að ráðstafa þeim hluta sem óráðstafað er til almennrar úthlutunar eða til Menningarsjóðs.

d. Áhættustýring.

Stjórn skal sjá til þess að innleiða virka áhættustýringu í starfsemi samtakanna með sem hagkvæmustum hætti og eftir því sem við verður komið.

e. Sala eða leiga eigna.

Stjórn tekur almennt ákvarðanir um sölu eða leigu eigna samtakanna sem teljast rekstrareignir, nauðsynlegar til daglegs rekstrar. Verði ágreiningu í stjórn um sölu eða leigu eigna skal skjóta ákvörðun til fulltrúaráðs. Sala fasteigna félagsins er þó ávallt háð samþykki fulltrúaráðsfundar.

f. Samruni við önnur samtök eða fyrirtæki.

Stjórn skal ávallt leita heimildar fulltrúaráðs fyrir samruna við önnur samtök eða fyrirtæki.

g. Stofnun dótturfélaga, útibúa, deilda eða samrekstrar (joint venture).

Stjórn er heimilt að stofna dótturfélög, útibú, deildir eða stofna til samrekstrar ef það er til hagsmuna fyrir rétthafa og eykur ekki fjárhagslega áhættu rekstraáhættu umfram það sem telst til daglegs rekstrar.

h. Lánagerningar og veðsetningar

Stjórn er heimilt að samþykkja lánagerninga og veðsetningar sem nauðsynlegar teljast til daglegrar starfsemi og rúmast innan markmiða og verklagsreglna stjórnar um áhættustýringu.

i. Kaup á hlutabréfum eða aðrar fjárfestingar

Stjórn er óheimilt að samþykkja fjárfestingar hvort sem það er í hlutabréfum eða öðrum eignum, nema slík fjárfesting sé í samræmi við ávöxtunar- og fjárfestingastefnu samtakanna, eða fjárhæð fjárfestingarinnar telst óverulegur hluti eigna samtakanna og telst vera til að auka hag rétthafa. Meiri háttar fjárfestingar skulu ekki framkvæmdar nema eftir ákvörðun og samþykkt fulltrúaráðs.